

Reykjavík 10. Júlí 2019

Tillaga að breytingu á skilmálum deiliskipulags  
„Úlfarsárdals“ vegna Gefjunarbrunnis 10,  
sem samþykkt var í borgarráði 5.10.2017 og ö.g. 19.2.2018.  
Höfundar þess eru VA arkitektar.

Breyting á deiliskipulagi, er varðaði byggingareit og –magn, sem lóðin er hluti af var einnig  
samþykkt á embættisafgreiðslu skipulagsfulltrúa þann 17. apríl 2019 ö.g. 9. maí 2019

Breytingin felst í því að skilmálum fyrir lóðina er breytt þannig að skipta megi húsinu upp lóðrétt í  
tvær íbúðir í stað lárétt þ.e.a.s. að báðar íbúðir megi vera á tveimur hæðum í stað þess að sú  
minni sé á neðri hæð og sú stærri á efri hæð.

**Texti gildandi skilmála í kafla „1.3.2 Tillögur að endurskoðun á gildandi deiliskipulagi lið 13  
er svohljóðandi:**

**13. Gefjunar- og lóunnarbrunnur**

Einbýlishúsum í Gefjunar- og lóunnarbrunni má breyta í tvíbýlishús með sérstökum skilmálum.  
Tilgangurinn er að auka fjölbreytni í húsakosti hverfisins. Gert er ráð fyrir að innbyggður bílskúr  
verði valkvæður og minni íbúð gerð á neðri hæð en stærri íbúð verði komið fyrir á efri hæð.  
Krafa er gerð um 3 bílastæði á lóð ef um tvíbýlishús er að ræða.

**Tillaga að breyttum texta í skilmálum er svohljóðandi:**

**13. Gefjunar- og lóunnarbrunnur**

Einbýlishúsum í Gefjunar- og lóunnarbrunni má breyta í tvíbýlishús með sérstökum skilmálum.  
Tilgangurinn er að auka fjölbreytni í húsakosti hverfisins. Gert er ráð fyrir að innbyggður bílskúr  
verði valkvæður, **skipta má húsinu hvort sem er lárétt eða lóðrétt í tvær íbúðir sem skulu  
ekki vera af sömu stærð.** Krafa er gerð um 3 bílastæði á lóð ef um tvíbýlishús er að ræða.

Deiliskipulagsbreyting þessi sem fengið hefur meðferð í samræmi við ákvæði 2. mgr. 43. gr.  
skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt á emb. afg. f. skipulagsfulltrúa  
þann 30. ágúst 2019.

Tillagan var grenndarkynnt frá 29. júlí 2019 með athugasemdafresti til 26. ágúst 2019.  
Auglýsing um gildistöku breytingarinnar var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann 13. sept 2019.

  
